

## 94. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 29. október 2003 í húsakynnum tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, Sævar Harðarson, Margrét Ásgeirsdóttir og Sigrún Jónsdóttir.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.  
2. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.  
Sigrún fór yfir starfsmannamálin. Rætt var um innbrot og tjón vegna innbrots í skólann sem átti sér stað 27. september síðastliðinni.  
Skólanum var gefin harmonikka sem Guðrún Erna Magnúsdóttir gaf, en móðir hennar átti hana.  
Fjölgað hefur í lúðrasveitinni þar sem meðal annars fólk sem ekki er nemendur í skólanum, eru byrjaðir. Búið er að panta að lúðrasveitin spili þann 6. desember á jólahlaðborði hjá Hótel Stykkishólmi.

2. Önnur mál.  
Allir kennarar koma til með að hafa tónfundi í nóvember. Fyrsti tónfundurinn verður 5. nóvember kl. 18:30. Öllum skólanefndarmönnum og ráðamönnum Stykkishólmsbæjar er sérstaklega boðið á tónfundi sem verða auglýstir á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.  
Söngnemendur hafa verið að syngja hvert fyrir annað á fimmtudagskvöldum. Búið er að setja formlega æfingátíma á miðvikudagskvöldum fyrir hljómsveitir og skiptast Martin og Lárus á að leiðbeina.  
Þetta er sett upp í tilraunaskyni og þarf að móta þetta starf og hvernig eigi að standa að þessu í framtíðinni.  
Lárus er einnig með tvo samspilshópa (hljómsveitir).  
Sigrún afhenti nefndarmönnum niðurstöðu úr könnun á starfi tónlistarkennara, þjónustu og umfangi tónlistarskóla.

Sigrún sagði að 14 nemendur væru á biðlista þrátt fyrir að kennarar væru með þó nokkra yfirtíð.

Margrét vék af fundi kl. 20:05.

Bæjarráð tók fyrir fyrirspurnir frá síðasta fundi skólanefndar um afslátt af gjöldum. Var tekið fyrir þann 2. október og er ekki um slíkan afslátt að ræða til eldri borgara eða barna starfsmanna skólans.

Fundi slitið kl. 20:25.

Sævar Harðarson (sign.),

Sigrún Jónsdóttir (sign.),

Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).